

**K J A R A S A M N I N G U R**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. RÍKISSJÓÐS**

**OG**

**FÉLAGS ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA**

**um þóknun til hljómlistarmanna**

**fyrir hljóðfæraleik á leiksýningum, við æfingar og upptökur**

**í Þjóðleikhúsi**

**1. Forgangsréttur til starfa**

---

1.1 Forgangsréttur.

Meðlimir í Félagi íslenskra hljómlistarmanna skulu hafa forgangsrétt til alls hljóðfæraleiks í leiksýningum á vegum Þjóðleikhúsins. Undanskilin forgangsrétti þessum eru þó leikhljóð sem ekki teljast listrænn hljómlistarflutningur.

Veita má undanþágu frá ofan nefndu ákvæði um forgangsrétt ef um gestasýningar er að ræða eða ef eigi fæst innlendir hljómlistarmaður til starfans.

1.2 Skriflegur ráðningarsamningur.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hvern hljómlistarmann áður en æfingar hefjast. Ráðningarsamningur skal gerður í því formi sem aðilar verða ásáttir um. Þjóðleikhúsinu ber að tilkynna FÍH bréflega hvaða hljómlistarmenn eru ráðnir í viðkomandi sýningu. FÍH skuldbindur sig til að fullgildir meðlimir þess haldi samning þennan.

**2. Laun**

---

2.1 Hljómlistarmenn fá greidd sýningar- og æfingarlaun sem hér segir:

2.1.1 Sýningarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

	1. apríl 2019	1. apríl 2020	1.janúar 2021	1. janúar 2022
Sýning 1. Viðvera allt að 2 klst.				
Fullgildur hljóðfæraleikari	20.997	21.626	22.275	22.943
Leiðandi maður	22.644	23.323	24.023	24.743

Sýning 2. Viðvera allt að 3

klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	25.111	25.865	26.641	27.440
Leiðandi maður	27.169	27.984	28.824	29.689

Sýning 3. Viðvera umfram 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari	29.229	30.106	31.009	31.940
Leiðandi maður	31.697	32.648	33.628	34.636

Ef sýning 1 er sýnd oftár en einu sinni sama dag skal greiða 75% af sýningarlaunum fyrir hverja sýningu umfram eina.

2.1.2 Æfingarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

	1.apríl 2019	1.apríl 2020	1.janúar 2021	1.janúar 2022
<b>Æfing 1. Æfing allt að 3 klst.</b>				
Fullgildur hljóðfæraleikari	17.141	17.655	18.185	18.731
Leiðandi maður	18.854	19.420	20.002	20.602
<b>Æfing 2. Æfing allt að 4 klst.</b>				
Fullgildur hljóðfæraleikari	22.853	23.538	24.244	24.972
Leiðandi maður	25.139	25.893	26.670	27.470
<b>Æfing 3. Æfing allt að 5 klst.</b>				
Fullgildur hljóðfæraleikari	28.567	29.424	30.307	31.216
Leiðandi maður	31.423	32.366	33.337	34.337
<b>Æfing 4. Æfing allt að 6 klst.</b>				
Fullgildur hljóðfæraleikari	34.279	35.308	36.367	37.458
Leiðandi maður	37.708	38.840	40.005	41.205

Krefjist verkið þess að starfandi sé konsertmeistari við sýningar og/eða æfingar greiðist 10% álag á laun leiðandi manns í hverjum flokki sýninga og æfinga.

2.1.2.1 Leiðandi maður telst sá sem leiðir hóp hljómlistarmanna innan sama hljóðfæris eða sá sem er einn með sitt hljóðfæri.

2.1.2.2 Hljómsveitarstjóri sem tekur þátt í tónlistarflutningi fær greitt 50% álag á það kaup sem hann ella hefði fengið greitt sem hljóðfæraleikar.

2.1.3 Orlofs- og desemberuppbætur eru innifaldar í kaupi skv. gr. 2.1.1 og 2.1.2. (Vægi þeirra á samningstímabilinu er reiknað 1,92%).

2.2 Hljóðfæragjald, fatnaður.  
Hljómlistarmanni ber að leggja sér til hljóðfæri og íklæðast viðeigandi fötum.

Ef farið er fram á að hljóðfæraleikarar klæðist sérstökum klæðnaði greiðist fatagjald að fjárhæð kr. 732 fyrir hverja sýningu. Gjald þetta miðast við vísitölu neysliverðs án húsnæðis í jan. 2012, 365,9 stig, og skal taka breytingum skv. henni á sama tíma og kauptaxti breytist

2.2.1 Fyrir hvert aukahljóðfæri greiðast 1.739 kr. fyrir hverja æfingu og sýningu. Gjald þetta miðast við vísitölu neysliverðs án húsnæðis í jan. 2012, 365,9 stig, og skal taka breytingum skv. henni á sama tíma og kauptaxti breytist

### 2.3 Stórhátíðaálag

Á stórhátíðum greiðist 25% álag á kaup skv. gr. 2.1.1 og 2.1.2.

2.4 Neðangreint reiknast af launum skv. gr. 2.1.1, 2.1.2. og 2.3:

1. 10,17% orlofsfé. Við 30 ára aldur reiknast 11,59% orlofsfé og við 38 ára aldur reiknast 13,04%.
2. 1% sjúkrasjóðsgjald
3. 0,25% orlofsheimilásjóðsgjald
4. Lífeyrissjóðsgjald er skiptist þannig:  
4% greiðir viðkomandi hljómlistarmaður, 8% greiðir launagreiðandi.

## 3. Um vinnutíma

3.1 Með viðveru í grein 2.1.1 er átt við staðinn vinnutíma hljómlistarmanna svo og undirbúningstíma/heimavinnu. Hljómlistarmanni ber skylda til að mæta a.m.k. 20 mínútum fyrir leiksýningar til vinnu. Standi æfing lengur en 6 klst. reiknast hver byrjaður ½ tími kr. 2.450. Hið sama gildir um sýningu umfram 4 klst. Greiðsla þessi tekur sömu prósentu hækkunum og í grein 2.1.3.

3.2 Með æfingu í grein 2.1.2 er átt við tímalengd æfinga svo sem fram kemur í greininni og ber hljómlistarmanni að mæta vel undirbúinn til æfinga.

3.3 Hvíldir á æfingum:

Hvíldir á æfingum verði með svofelldum hætti:

Standi æfing í 2 tíma, skal taka 10 mínútna hvíld.

Standi æfing í 3 tíma, skal taka 15 mínútna hvíld.

Standi æfing í 4 tíma, skal taka 20 mínútna hvíld.

Standi æfing í 5 tíma, skal taka 25 mínútna hvíld.

Standi æfing í 6 tíma, skal taka 30 mínútna hvíld.

Skipta má hvíldum ef aðilar eru sammála um það.

Á æfingum þar sem eingöngu fer fram hljóðfæraleikur, skal heimilt að bæta 5 mínútum við ofangreindar hvíldir í hverju tilviki fyrir sig.

Hljómlistarmaður skal mæta stundvíslega til æfinga að loknum hvíldartíma.

## 4. Hljóðritanir

4.1 Notkun hljóðritana.

Fyrir notkun hljóðritana í leiksýningu greiðist hljómlistarmanni 30% af sýningarkaupi. Ef hljóðritun er eingöngu notuð á undan leiksýningu

(forleikur) og tónlistin óháð leikritinu sjálfu, greiðist 20% af sýningarkaupi. Fáí hljómlistarmaður greitt sýningarkaup, sbr. grein 2.2, skal ekki jafnframt greiða honum fyrir notkun hljóðritunar í leiksýningunni.

- 4.2 Óheimil notkun hljóðritana.  
Óheimil er notkun hljóðritunar eftir að verkfall hefur verið boðað. Óheimil er notkun hljóðritunar á æfingum án leyfis hljómlistarmanns.
- 4.3 Æfing fyrir hljóðritun.  
Fyrir æfingu vegna hljóðritunar greiðist skv. gr. 2.1.2.

## **5. Sýningar utan Reykjavíkur**

---

- 5.1 Laun vegna sýninga utan Reykjavíkur.  
Vegna sýninga utan Reykjavíkur, skal um launagreiðslur fara skv. gr. 2.1.
- 5.2 Hljóðfæragejald.  
Um greiðslu hljóðfæragejalds á sýningarferðum fer skv. gr. 2.2.
- 5.3 Fæði og gisting.  
Á ferðalögum skulu hljómlistarmenn fá ókeypis fæði og gistingu eins og tíðkast hjá opinberum starfsmönnum.

## **6. Ýmis ákvæði**

---

- 6.1 Boðun og afboðun æfinga og sýninga.  
Að jafnaði skal boða til sýninga með a.m.k. þrjú vikna fyrirvara og afboða með 24 klst. fyrirvara.  
Að jafnaði skal boða til æfinga með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og afboða með 24 klst. fyrirvara.  
Nú er sýning ekki afboðuð með umsömdum fresti og skal þá greiða hljómlistarmanni 15% af sýningarlaunum. Þetta gildir þó ekki ef um algerlega óviðráðanlegar orsakir er að tefla og hljómlistarmanni er gert viðvart í tíma. Náist ekki í hljómlistarmann og hann mætir reiðubúinn að hefja störf, greiðast laun skv. 1. málslíð þessara mgr.
- 6.2 Greiðsla leikaralauna.  
Hefji hljómlistarmaður æfingar um leið og leikarar, má með samþykki hans greiða honum leikaralaun. Greiðsla leikaralauna er háð samþykki FÍH. Sýningarkaup skal þó eigi vera lakara en samningur þessi kveður á um.
- 6.3 Flutningur á stórum hljóðfærum.  
Fyrir flutning á stórum hljóðfærum, s.s. kontrabassa, trommusetnum o.s.frv., milli heimilis og vinnustaðar greiðist skv. framvísuðum reikningi.
- 6.4 Útvarps- og/eða sjónvarpsupptökur.  
Heimilt er Þjóðleikhúsi að láta útvarpa og/eða sjónvarpa allt að 12 mínútum upptökum af æfingu eða leiksýningu í kynningarskyni endurgjaldslaust ef

hljómlistarmaður þarf ekki að mæta sérstaklega. Upptökum þessum skal lokið eigi síðar en 4 klst. eftir að sýning hófst.

## **7. Tryggingar**

---

- 7.1 Tjón á hljóðfæri.  
Þjóðleikhúsið skuldbindur sig til að bæta tjón sem verður á hljóðfærum í eigu hljómlistarmanna meðan á leiksýningum og æfingum stendur vegna þjófnaðar og skemmda og gildir það einnig um tjón sem þriðji aðili (óviðkomandi) veldur. Sama gildir um hljóðfæri sem Þjóðleikhúsið samþykkir að taka í geymslu fyrir hljómlistarmenn meðan á leiksýningum stendur. Hljómlistarmaður skal tilkynna Þjóðleikhúsinu um tjónið strax og við verður komið.
- 7.2 Tjón á persónulegum munum.  
Verði hljómlistarmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, s.s. úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt samkvæmt mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta tjón ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis hljómlistarmannsins.
- 7.3 Atvinnuslysatriggingar.  
Um atvinnuslysatriggingar hljómlistarmanna fer skv. gildandi kjarasamningi ASÍ og SA.

## **8. Veikindi og vinnuslys**

---

- 8.1 Vinnuslys eða atvinnusjúkdómur.  
Í hverju slysa- eða sjúkdómstilfelli sem orsakast við vinnu eða af henni, greiði Þjóðleikhús æfinga/sýningakaup í 4 vikur. Hljóðfæragjald greiðist ekki í veikindum. Vinnuveitandi skal kosta flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiða honum eðlilega útlagðan kostnað í allt að 4 vikur í hverju tilfelli, annan en þann sem almannatryggingar greiða.
- 8.2 Veikindaréttur.  
Í veikindatilfellum öðlast hljómlistarmaður eitt sýningarkaup, eins og það kann að vera á hverjum tíma, fyrir hverjar 40 klst. sem hann hefur unnið í Þjóðleikhúsi eða í þágu þess. Þó skal aldrei greitt fyrir fleiri en 10 sýningar í hverju tilfelli. Veikindi ber að sanna með læknisvottorði, sé þess krafist.

## **9. Gildistími**

---

- 9.1 Gildistími.  
Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

- 9.2 Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.
- Stjórnvöld hafa skipað starfshóp um endurskoðun á reglum vegna endurgreiðslu námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sem hefur kynnt niðurstöður sínar. Aðildarfélögum þessa kjarasamnings er heimilt að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, ef breytingar í ljósi framangreindrar vinnu liggja ekki fyrir þann 1. janúar 2021. Niðurstaða um það skal tilkynnt gagnaðila eigi síðar en 15. janúar 2021, ella fellur forsenduákvæði hvað þetta varðar úr gildi.
- 9.3 Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 17. apríl 2020 skoðast hann samþykktur.